

Afl- og hitamælingar á holu 2, Reykjanesi

Karl Ragnars
Stefán Sigurmundsson

Sept. 1968

Afl- og hitamælingar á holu 2, Reykjanesi

Helztu niðurstöður

Dagana 12.9. - 17.9. 1968 voru gerðar afl og hitamælingar á holu 2, Reykjanesi. Hitamælingin var gerð með Amerada - 96, og heildarrennsli holunnar ákvarðað með mælingu á kritískum þrýstingi í útstreymisopi. Til ákvörðunar á enthalphy vatns og gufublöndunnar var stuðst við mældan botnhita holunnar, 225°C. Er þessum aðferðum lýst í skýrslu um aflmælingar eftir Sveinbjörn Björnsson og Sigurð Benediktsson.

Niðurstöður voru þessar:

Enthalphy $h_0 = 230$ kcal/kg

Heildarrennsli $M = 28$ kg/s við $P_0 = 4$ atg

Gufurennsli $G = 16$ tn/klst við $P_0 = 4$ atg

Eftir að holan hafði blásið í u.þ.b. 4 daga var holunni snögglokad og varð lokunarþrýstingur hennar við það 16 atg. Þá var botnhiti holunnar mældur strax eftir lokun og mældist hann 204°C. Bendir það til, að vatnið sjóði utan við botn holunnar, og virðist þess vegna ástæða til þess að bora dýpra á þessum stað, þar sem aðstreymi til holunnar gæti verið tregara í þröngum bergæðum en í holunni sjálfri.


Eins og sjá má af eftirfarandi línuriti, fer heildarrenslismagn holunnar stöðugt minnkandi sem fall af tíma, og er því ekki hægt að ábyrgjast, að það magn, sem hér hefur verið mælt, haldist við stöðugan blástur. Til þess að fullvissa sig um hvaða magn holan endanlega hefur þarf að láta hana blása í alllangan tíma.


Dags.	kl.	ventilop %	P _o atg	P _c atg	M kg/sek	G _{P_o} tn/hr	G _l atm	tn/hr
12.9.	18 ⁰⁰ 19 ⁵⁰	Hola opnuð -	9,8	0,94	34,5	11,7	30,4	
13.9.	14 ⁰⁰ 20 ⁰⁰	100 77	4,8 4,55	0,72 0,60	32,0 29,0	16,4 15,4	28,1 25,5	
14.9.	12 ⁰⁰ 22 ⁰⁰	65 53	5,2 6,5	0,54 0,47	28,5 27,0	14,3 12,1	25,0 23,7	
15.9.	13 ⁰⁰	41	8,0	0,27	23,5	9,3	21,6	
16.9.	20 ⁰⁰	100	4,0	0,56	29,0	16,1	25,5	
17.9.	7 ³⁰ 13 ³⁰ 16 ³⁰ 18 ⁰⁰ 19 ⁰⁰	77 65 53 41 100	4,5 5,0 6,2 7,7 4,1	0,50 0,43 0,35 0,18 0,50	27,5 26,0 25,0 22,0 27,5	14,6 13,3 11,4 9,0 15,2	24,1 22,9 22,0 19,3 24,1	

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

Hola 2 Reykjanesi
Hóla fullopin M = f (tíma)

19.9'68 KR/EK.
Tnr.8 Tnr.6
J-Reykjan. J-Aflm.
Fnr. 8557





Hitamæling í borholum

